

A/F Rekstraraðili hf.
Árshlutareikningur 30. júní 2024

A/F Rekstraraðili hf.
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
kt. 660121-1370

Efnisyfirlit

Árshlutareikningur 30. júní 2024

Bls.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	5

A-hluti

A/F Rekstraraðili hf.

Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

B-hluti

Sérhæður sjóður fyrir almenna fjárfesta

A/F Vaxtabréf hs.	14
A/F Vaxtabréf hs. - sundurliðanir	16
Sérhæður sjóður - skýringar	20

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Árshlutareikningur A/F Rekstraraðila hf. er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og reglur nr. 124/2020 um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Starfsemi félagsins

A/F Rekstraraðili hf. var stofnað í janúar 2021 og starfar skv. lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, og lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Tilgangur félagsins er rekstur sérhæfðra sjóða samkvæmt ákvæðum laga nr. 45/2020 og önnur sú starfsemi sem rekin verður í eðlilegum tengslum við framangreint.

A/F Rekstraraðili hf. er með starfsleyfi frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða. A/F Rekstraraðili hefur gert umsýslusamning við Arctica Finance hf. um að sinna regluvörslu og hlutverki ábyrgðamanns aðgerða gegn peningabætti, taka þátt í markaðssetningu sjóða, auk annarra umsýsluverkefna. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi A/F Rekstraraðila hf. og sjóða í rekstri þess eins og lög gera ráð fyrir.

Á tímabilinu 1. janúar - 30. júní voru tveir sérhæfðir sjóðir og einn sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta í rekstri hjá félaginu og nam eign þeirra um 18.031 millj. kr. í lok tímabilsins. Í janúar 2024 var stofnaður nýr sjóður, A/F Vaxtabréf hs., sem er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta og hlutdeildarsjóður sem starfræktur er í samræmi við ákvæði laga nr. 45/2020, einkum IX. og X. kafla þeirra laga.

Tekjur félagsins eru nær eingöngu þóknunatekjur, sem reiknast af hreinni eign sjóða og árangri sem er tengd afkomu A/F Stillu slhf., en hlutfall á milli tekna þessara er misjafnt á milli ára og ræðst af ávöxtun sjóða hverju sinni. Félagið hefur óverulegar tekjur af fjármunum eða verðbréfaeign.

Starfsmenn A/F Rekstraraðila hf. á tímabilinu voru að meðaltali 3 miðað við heilsársstörf. Í lok tímabilsins voru fjórir starfsmenn í rúmlega þremur stöðugildum hjá A/F Rekstraraðila hf. Heildarkostnaður launa og launatengdra gjalda til starfsmanna, framkvæmdastjóra og stjórnar nam 24,4 millj. kr. (2023: 16,5 millj.kr.).

Afkoma og eigið fé

Rekstur A/F Rekstraraðila hf. á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2024 var í samræmi við áætlanir þess. Rekstrartekjur félagsins námu 19,8 millj. kr. á tímabilinu (2023, 11,9 millj. kr). Tap félagsins á tímabilinu nam 26,8 millj. kr. (2023 var tap að upphæð 13,7 millj. kr.).

Eigið fé félagsins í lok tímabilsins var 26,9 millj. kr. (2023, 31,6 millj. kr.). Eiginfjárlutfall félagsins var í lok tímabilsins 19,0% (2023, 18%). Samkvæmt 99. gr. laga nr. 2/1995 er óheimilt að úthluta arði til hluthafa á árinu 2025.

Á aðalfundi félagsins 18. apríl var hlutfé félagsins aukið um 22 millj.kr. að nafnverði og er það í dag því 81 millj. kr.

Frá áramótum til undirritunardags hafa ekki orðið markverðir atburðir sem hafa bein áhrif á félagið eða mótaðila þess, að öðru leyti en getið er um í skýrslu þessari.

Hluthafar og ráðstöfun hagnaðar

Hlutfé félagsins var 81,0 millj. kr. í lok tímabilsins. Hluthafar félagsins í lok tímabilsins voru Arctica Eignarhaldsfélag ehf., sem á alla hluti utan eins sem er í eigu Vita fjárfestingafélags ehf.

Áhættuþættir og áhættustýring

Markmið áhættustýringar er að finna ásættanlegt jafnvægi milli lágmörkunar áhættu annars vegar og hámmörkunar tekna hins vegar, sem og til að tryggja sem best samfellda og reglulega starfsemi og þjónustu við viðskiptavinum. Sumir áhættuþættir tengjast hugsanlegum áhrifum á eigið fé, t.d. útlána-, mótaðila- og samþjöppunarhætta, markaðsáhætta, fastvaxtaáhætta og rekstraráhætta, og sumir áhættuþættir tengjast hugsanlegum áhrifum á laust fé og fjármögnun. Virk áhættustýring og innra eftirlit eru mikilvægir þættir í rekstri félagsins. Mögulegir áhættuþættir eru greindir með reglulegum hætti og þar á meðal er áhersla lögð á greiningu á mögulegum hagsmunaárekstrum og aðgerðum til lágmarka neikvæðar afleiðingar þeirra. Með þessari vinnu er markvisst unnið að því að treysta alla umgjörð félagsins og tryggja traustan og eðlilegan rekstur.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra frh.

Stjórn og framkvæmdastjóri A/F Rekstraraðila hf. bera ábyrgð á því að skyldur félagsins um áhættustýringu samkvæmt lögum, reglugerðum og reglum séu uppfylltar og ber að meta reglulega og endurskoða skilvirkni fyrirkomulags og verklags málefna þeirra er falla undir eftirlit og starfsemi áhættustýringar og gera viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á hvers konar annmörkum. Sjóðstjórnar bera síðan hver um sig ábyrgð gagnvart ábyrgðarmanni áhættustýringar (áhættustjóra) á stýringu á áhættuþáttum sem að þeim snúa.

Stjórnarhættir

Stjórn A/F Rekstraraðila hf. leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum, en félaginu er þó ekki skylt samkvæmt lögum að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Félagið leitast þó við að hafa í heiðri þær kröfur sem Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ og Samtök atvinnulífsins hafa gefið út. A/F Rekstraraðila ber ekki skylda til að birta ófjárhagslegar upplýsingar sem vísað er til í 66. gr. d laga nr. 3/2006, um ársreikninga, og hefur enn sem komið er ekki gefið út sjálfbærniskýrslu.

Starfsemi A/F Rekstraraðila hf. felst í rekstri sérhæfðra sjóða og í lok tímabilsins voru þrír sjóðir í rekstri. Félagið hefur gert umsýslusamning við Arctica Finance og einnig samning við T Plús hf. um útvistun m.a. á bókhaldi sjóða, uppgjöri viðskipta, gengisútreikningi og vörslu verðbréfa. A/F Rekstraraðili hefur eftirlit með því að þeir aðilar sem sinna útvistuðum verkum, sinni þeim skyldum sínum af kostgæfni. Félagið hefur sett sér ýmsar reglur, s.s. reglur um ráðstafanir gegn hagsmunaaðrekstrum, stefnu og reglur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, og aðra þætti líkt og kveðið er á um í lögum þar um. Nánar má sjá umfjöllun um reglur og upplýsingar um starfsemi A/F Rekstraraðila á heimasíðu félagsins, www.afrekstraradili.is.

Stjórnun og yfirráð yfir A/F Rekstraraðila hf. skiptast á milli hluthafa, stjórnar og framkvæmdastjóra í samræmi við samþykktir félagsins, reglur stjórnar og önnur tilmæli stjórnarinnar, en starfsreglur stjórnar má finna á skrifstofu félagsins. Þá lýtur stjórnun og yfirráð félagsins ýmsum lögum og reglum, þ.m.t. lög um hlutafélög, lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, lög um markaði fyrir fjármálagerninga, og lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, auk ýmissa leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins. Nánari útlitun á lögum, reglum, reglugerðum og leiðbeinandi tilmælum er að finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is. Í stjórn félagsins eru tveir karlar og ein kona.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra A/F Rekstraraðila hf. er árshlutareikningur félagsins í samræmi við lög og reglur, þ.m.t. lög um árshlutareikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum, fjárhagsstöðu þann 30. júní 2024, rekstrarafkomu félagsins og breytingum á eigin fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2024.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að árshlutareikningur félagsins og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess.

Stjórn og framkvæmdastjóri A/F Rekstraraðila hf. hafa í dag fjallað um árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 9. september 2024

Stjórn:

Bjarni Þórður Bjarnason

Hannes J. Hafstein

Helga Gregor Gunnarsdóttir

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í A/F Rekstraraðila hf.

Við höfum kannað ársreikning A/F Rekstraraðila hf. („félagið“) fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2024. Árshlutareikningurinn er í tveimur hlutum, A-hluta sem er fyrir rekstraraðilann og B-hluta sem er fyrir sérhæfðan sjóð rekstraraðilans. A-hlutinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. B-hlutinn fjallar um sérhæfðan sjóð fyrir almenna fjáfasta og hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um breytingar á hreinni eign, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á árshlutareikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil verðbréfasjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu árshlutareiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðra endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins og sjóðsins á tímabilinu, efnahag 30. júní 2024 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem við eigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 9. september 2024

Deloitte ehf.

Gunnar Þorvarðarson
endurskoðandi

A/F Rekstraraðili hf.

Árshlutareikningur 30. júní 2024

Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2024

	Skýr.	2024 1.1.-30.06.	2023 1.1.-30.06.
Rekstrartekjur			
Umsýslupóknun	4	17.579.678	11.949.994
		<u>17.579.678</u>	<u>11.949.994</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtagjöld	(	1.551)	0
Gengismunur		144	1.386
Gangvirðisbreyting verðbréfa		91.463	0
Gangvirðisbreyting eignarhluta	(	83.708)	(235.382)
		<u>6.348</u>	<u>(233.996)</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld		24.420.944	16.529.285
Rekstrarkostnaður		18.608.846	12.229.380
		<u>43.029.790</u>	<u>28.758.665</u>
(Tap) / hagnaður fyrir tekjuskatt	(	25.443.764)	(17.042.667)
Tekjuskattur	3	(1.352.214)	3.357.696
(Tap) / hagnaður tímabilsins		<u>(26.795.978)</u>	<u>(13.684.971)</u>

Efnahagsreikningur 30. júní 2024

	Skýr.	30.6.2024	31.12.2023
Eignir			
Eignarhlutir í öðrum félögum	8	11.509.293	11.593.001
Reiknuð skatteign	3	5.073.070	6.425.284
Fastafjármunir		16.582.363	18.018.285
Viðskiptakröfur		78.659	78.659
Kröfur vegna umslupóknana		11.564.411	9.767.799
Aðrar skammtímakröfur		63.497	1.522.122
Verðbréf		0	3.444.684
Handbært fé	3	4.969.046	2.597.284
Veltufjármunir		16.675.613	17.410.548
Eignir samtals		33.257.976	35.428.833
Eigið fé			
Hlutfé		81.000.000	59.000.000
Bundið eigið fé		0	561.412
Ójafnað eigið fé		(54.186.522)	(27.951.956)
Eigið fé	10	26.813.478	31.609.456
Skuldir			
Viðskiptaskuldir		4.294.548	2.227.521
Skuldir við tengda aðila		89.619	0
Aðrar skammtímaskuldir		2.060.331	1.591.856
Skuldir		6.444.498	3.819.377
Skuldir samtals		6.444.498	3.819.377
Eigið fé og skuldir samtals		33.257.976	35.428.833

Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar - 30. júní 2024

	Skýr.	2024 1.1.-30.06.	2023 1.1.-30.06.
Rekstrarhreyfingar			
(Tap) / hagnaður tímabilsins	(	26.795.978)	(13.684.971)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Gangvirðisbreyting verðbréfa	(	91.463)	235.382
Gangvirðisbreyting eignarhluta		83.708	
Tekjuskattur		1.352.214	(3.357.696)
Veltufé (til rekstrar) frá rekstri	(	25.451.519)	(16.807.285)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum			
Skammtímakröfur, hækkun		1.458.625	(902.224)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		2.535.502	1.053.259
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		3.994.127	151.035
Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri	(	21.457.392)	(16.656.250)
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaup í Lausafjársgjóði	(	9.500.000)	(14.000.000)
Sala í Lausafjársgjóði		13.036.147	0
Kröfur á tengd félög, breyting	(	1.796.612)	917.870
Fjárfestingahreyfingar		1.739.535	(13.082.130)
Fjármögnunarhreyfingar			
Innborgað hlutafé	10	22.000.000	32.000.000
Skuldir við tengda aðila, breyting		89.619	(6.640.694)
Fjármögnunarhreyfingar		22.089.619	25.359.306
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		2.371.762	(4.379.074)
Handbært fé í ársbyrjun		2.597.284	6.227.355
Handbært fé í lok tímabilsins		4.969.046	1.848.281

Skýringar

1. Félagið

A/F Rekstraraðili hf. er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Katrínartúni 2, Reykjavík. Tilgangur félagsins er rekstur sérhæfðra sjóða samkvæmt ákvæðum laga nr. 45/2020 og önnur sú starfsemi sem rekin verður í eðlilegum tengslum við framangreint.

Félagið er dótturfélag Arctica Eignarhaldsfélags ehf. sem hefur aðsetur að Katrínartúni 2, Reykjavík

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um árshlutareikninga og reglugerð um framsetningu og innihald árshlutareikninga og samstæðureikninga. Árshlutareikningurinn byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum að öðru leyti en því að eignarhlutir í skráðum félögum eru færðir á gangvirði í lok tímabilsins. Árshlutareikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Reikningsskilaaðferðir

a. Innlausn tekna

Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónustan er innt af hendi.

b. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í félögum sem fjárfesta í félögum og skuldabréfum eru færð á gangverði, þ.e. síðasta skráða eða reiknaða gengi tímabilsins. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning. Óinnleystar gangvirðisbreytingar eru færðar á gangvirðisreikning á meðal eigin fjár. Eignarhlutir í öðrum félögum sem ekki eru skráð á hlutabréfamarkaði eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni virðisrýrnun, ef við á.

c. Kröfur

Kröfur eru færðar á nafnvirði. Kröfur eru að mestu leyti tilkomnar vegna krafna á sjóði vegna áfallinna ógreiddra umsýsluþóknana og árangurstengdra þóknana í lok tímabilsins.

d. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

e. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattur tímabilsins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé en í þeim tilvikum er hann færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna tímabilsins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í árshlutareikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum tekjuskatti byggist á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundinn mismunur kemur til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörstegi.

Skatteign vegna yfirfæranlegs taps er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta skattalega tapið á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörstegi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki. Tekjuskattshlutfall félagsins er 21%.

Félagið er samskattað með móðurfélagi sínu.

Skýringar, frh.:

4. Umsýslubóknanir og árangurstengdar bóknanir

Félagið fær umsýslubóknanir fyrir rekstur sérhæfðra sjóða. Bóknanir reiknast ýmist sem fast hlutfall af hreinni eign sjóðanna eða sem hlutfall af afkomu umfram ákveðin viðmið.

5. Tengdir aðilar

Til tengdra aðila félagsins teljast vera móðurfélag, sjóðir í rekstri félagsins, stjórnarmenn, framkvæmdastjóri, lykilstarfsmenn, nánir fjölskyldumeðlimir framangreindra aðila og lögaðilar undir yfirráðum þeirra, og hliðstæðir aðilar framangreindra aðila í sjóðum í rekstri félagsins.

6. Eignir í stýringu

Eignir í stýringu námu alls 18.031 millj. króna þann 30. júní 2024. Þessar eignir eru í eigu sjóða í umsýslu félagsins í samræmi við reglur þeirra og fjárfestingastefnu.

7. Starfsemi

A/F Rekstraraðili hf. hefur gert umsýslusamning við Arctica Finance hf. um að sinna ýmsum verkefnum og um leigu skrifstofurýmis. Í lok tímabilsins störfuðu fjórir starfsmenn hjá A/F Rekstraraðila hf., í rúmum þremur stöðugildum.

8. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinist þannig:

	2024 30.06.2024 Bókfært verð	2023 30.06.2024 Bókfært verð
A/F Stilla slhf.	3.747.760	3.831.468
A/F HEIM slhf.	3.999.999	3.999.999
A/F Fjármögnun slhf.	2.916.087	2.916.087
Önnur félög	845.447	845.447
	<u>11.509.293</u>	<u>11.593.001</u>

Skýringar, frh.:

10. Eigið fé

Hlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 59,0 millj. kr. Hver hlutur er ein króna að nafnverði og eitt atkvæði fylgir hverjum hlut í félaginu.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Bundið eigið fé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2023	17.000.000	126.343	(1.243.786)	15.882.557
Innborgað hlutfé	42.000.000			42.000.000
Binding v. eignarhluta	0	435.069	(435.069)	0
Tap ársins	0	0	(26.273.101)	(26.273.101)
Eigið fé 1.1.2024	59.000.000	561.412	(27.951.956)	31.609.456
Innborgað hlutfé	22.000.000	0	0	22.000.000
Binding v. eignarhluta	0	(561.412)	561.412	0
Tap tímabilsins	0	0	(26.795.978)	(26.795.978)
Eigið fé 30.06.2024	81.000.000	0	(54.186.522)	26.813.478

11. Eiginfjárlutfall

Eiginfjárlutfall A/F Rekstraraðila hf. sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. mgr. 15. gr. laga nr. 45/2020, er 19,0% en lögboðið lágmark er 8,0%. Hlutfallið reiknast þannig:

	30.06.2024	31.12.2023
Eiginfjárgrunnur skiptist þannig:		
Heildar eigið fé	26.813.478	31.609.456
Eiginfjárgrunnur samtals	26.813.478	31.609.456
Eiginfjárrafræ greinist þannig:		
Rekstraráhætta	10.757.448	14.074.940
Eiginfjárrafræ	10.757.448	14.074.940
Eiginfjárlutfall	19,9%	18,0%

12. Viðskipti við tengda aðila

Stöður við tengda aðila eru eftirfarandi:

30.06.2024	Tekjur	Gjöld	Eignir	Skuldir
Móðurfélag	0	0	0	(89.619)
Sjóðir í rekstri A/F Rekstraraðila	17.579.678	0	11.564.411	0
	17.579.678	0	11.564.411	(89.619)
31.12.2023	Tekjur	Gjöld	Eignir	Skuldir
Móðurfélag	0	0	0	0
Sjóðir í rekstri A/F Rekstraraðila	24.122.673	0	9.767.799	0
	24.122.673	0	9.767.799	0

13. Skuldbindingar

Félagið hefur gert umsýslusamning við Arctica Finance, sem tekur m.a. til leigu húsnæðis o.fl. Skuldbindingar vegna samningsins eru ekki færðar í efnahagsreikning í samræmi við reglu reikningsskilaráðs nr. 6 en heildargreiðsla á árinu 2024 mun vera 2,6 m.kr.

A/F Vaxtabréf hs.

Árshlutareikningur 30.06.2024

Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta

Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign

1. janúar - 30. júní 2024

	Skýr.	A/F Vaxtabréf 1.1. - 30.06 2024
Rekstrarreikningur		
Tekjur	10	
Vextir		24.786
Verðbætur		19.408
Heildartekjur.....		44.194
Gjöld	11	
Umsýsluþóknun rekstrarfélags		6.176
Aðrar þóknanir		1.736
Önnur gjöld og kostnaður		671
Heildargjöld.....		8.583
Innleystur gengismunur (tap) af fjárfestingum		8.052
Önnur leystur gengismunur (tap) af fjárfestingum		6.519
Heildar gengismunur.....		14.571
Hagnaður (tap) tímabilsins af rekstri		50.182
Yfirlit um breytingu á hreinni eign		
Hrein eign í ársbyrjun		0
Fjármögnunarahreyfingar		
Seld hlutdeildarskírteini		1.863.346
Innleyst hlutdeildarskírteini	(	25.536)
Hagnaður tímabilsins af rekstri		50.182
Hrein eign í lok tímabils	5	1.887.992

Efnahagsreikningur 30. júní 2024

	Skýr.	A/F Vaxtabréf 30.6.2024
Eignir		
Fjárfestingar	1	
Framseljanleg verðbréf		1.801.191
Fjárfestingar samtals		1.801.191
Aðrar eignir		
Innlán	10	130.849
Aðrar eignir		1.925
Aðrar eignir samtals		132.774
Eignir samtals		1.933.965
Skuldir		
Skuld við rekstrarfélag		1.648
Aðrar skuldir	12	44.325
Skuldir samtals		45.973
Hrein eign		1.887.992
Fjöldi útgefinna hlutdeildarskírteina		18.051,840
Gengi hlutdeildarskírteina í lok tímabils		104,5956

Sundurliðanir

A/F Vaxtabréf hs.

1. Framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði

	30.06.2024		31.12.2023	
	Markaðs- verð	Hrein eign %	Markaðs- verð	Hrein eign %
Skuldabréf				
Ríkistryggð skuldabréf				
Ríkisbréf RIKS 26 0216	203.790	10,8%	0	0,0%
Ríkisbréf RIKB 25 0612	149.120	7,9%	0	0,0%
Ríkisbréf RIKB 26 1015	91.118	4,8%	0	0,0%
Ríkisbréf RIKV 24 0821	19.746	1,0%	0	0,0%
Ríkisbréf RIKB 31 0124	9.950	0,5%	0	0,0%
Ríkistryggð skuldabréf samtals	473.725	25,1%	0	0,0%
Skuldabréf fjármálafyrirtækja				
Arion banki hf. ARION CBI 26	182.290	9,7%	0	0,0%
Íslandsbanki hf. ISB CBI 26	174.670	9,3%	0	0,0%
Landsbankinn hf. LBANK CB 27	130.209	6,9%	0	0,0%
Íslandsbanki hf. ISB CB 27	109.081	5,8%	0	0,0%
Arion banki hf. ARION 28 1215	83.344	4,4%	0	0,0%
Landsbankinn hf. LBANK T2 35	82.901	4,4%	0	0,0%
Landsbankinn hf. LBANK CB 25	77.018	4,1%	0	0,0%
Landsbankinn hf. LBANK CBI 26	75.475	4,0%	0	0,0%
Íslandsbanki hf. ISB T2I 34 0912	45.221	2,4%	0	0,0%
Landsbankinn hf. LLBANK T2i 35	43.270	2,3%	0	0,0%
Kvika hf. KVIKA 34 1211 T2i	21.481	1,1%	0	0,0%
Íslandsbanki hf. ISB 28 1221	21.227	1,1%	0	0,0%
Skuldabréf fjármálafyrirtækja samtals	1.046.187	55,4%	0	0,0%
Önnur skráð skuldabréf				
Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. 5,3% 15.11.2024	98.949	5,2%	0	0,0%
Lánasjóður sveitarfélaga LSS150434	56.801	3,0%	0	0,0%
Reykjavíkurborg 2,5% 21.10.2032	48.520	2,6%	0	0,0%
Kaldalón hf. 2.12.2024	38.369	2,0%	0	0,0%
Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. RBR1M+1,3% 15.4.2026	20.074	1,1%	0	0,0%
Brim hf. 4,67% 22.10.2026	18.565	1,0%	0	0,0%
Önnur skráð skuldabréf samtals	281.279	14,9%	0	0,0%
Framseljanleg verðbréf samtals	1.801.191	95,4%	0	0,0%
Innlán	130.849	6,9%	0	0,0%
Aðrar eignir og skuldir (skýring 12)	(44.048)	(2,3%)	0	0,0%
Hrein eign	1.887.992	100,0%	0	0,0%

Sundurliðanir

A/F Vaxtabréf hs.

2. Breyting á stærstu eignum á milli ára og hlutfall af hreinni eign

	Hrein eign 30.06.2024	Hlutf. af fjárhæð %	Hrein eign 31.12.2023	Hlutf. af fjárhæð %	Breyting	Af hreinni eign %
Ríkisbréf RIKS 26 0216	203.790	10,8%	0			
Arion banki hf. ARION CBI 26	182.290	9,7%	0			
Íslandsbanki hf. ISB CBI 26	174.670	9,3%	0			
Ríkisbréf RIKB 25 0612	149.120	7,9%	0			
Landsbankinn hf. LBANK CB 27	130.209	6,9%	0			
Íslandsbanki hf. ISB CB 27	109.081	5,8%	0			
Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.	98.949	5,2%	0			
Ríkisbréf RIKB 26 1015	91.118	4,8%	0			
Arion banki hf. ARION 28 1215	83.344	4,4%	0			
Landsbankinn hf. LBANK T2 35	82.901	4,4%	0			
Tíu stærstu samtals	1.305.473	69,1%	0			
Aðrar fjárfestingar	495.718	26,3%	0			
Innlán	130.849	6,9%	0			
Aðrar eignir og skuldir (skýring 12)	(44.048)	(2,3%)	0			
	1.887.992	100,0%	0			

3. Uppsöfnuð heildar kaup og uppsafnaðar heildarsölur

Yfirlit yfir uppsöfnuð heildar kaup og heildarsölur á öllum framseljanlegum verðbréfum og fjárfestingum sjóðsins á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2024

	Heildar- kaup	Heildar- sala
ARION 28 1215	82.164	0
ARION CB 24	40.227	40.442
ARION CB 27	259.588	260.342
ARION CBI 26	230.991	51.440
ARION CBI 30	40.367	40.447
BRIM 221026 GB	18.143	0
ISB 28 1221	20.068	0
ISB CB 27	160.328	39.938
ISB CBI 26	173.633	0
ISB CBI 28	78.335	78.499
ISB T2i 34 0912	43.795	0
KALD 24 1202	38.022	0
KVIKA 34 1211 T2i	20.141	0
LANDSBANKINN	115.000	115.337
LBANK CB 25	133.137	57.063
LBANK CB 27	454.921	328.472
LBANK CB 29	83.327	83.905
LBANK CBI 26	146.593	72.642
LBANK CBI 28	82.849	84.172
LBANK CBI 30	161.499	162.958
LBANK T2 35	80.000	0
LBANK T2i 35	41.972	0
LSS150434	181.350	126.868
RIKB 24 0415	65.898	66.335

Sundurliðanir

A/F Vaxtabréf hs.

	Heildar- kaup	Heildar- sala
3. Uppsöfnuð heildarkaup og uppsafnaðar heildarsölur, frh.		
RIKB 25 0612	266.782	108.876
RIKB 26 1015	143.571	55.052
RIKB 27 0415	129.977	130.773
RIKB 28 1115	106.249	106.833
RIKB 31 0124	19.688	9.805
RIKB 35 0917	68.488	68.068
RIKB 42 0217	82.815	84.311
RIKS 26 0216	257.418	58.665
RIKV 24 0821	19.676	0
RVK 32 1	64.711	16.701
RVKN 35 1	13.691	13.863
UR 151124	99.491	0
UR 260415	20.000	0
	4.044.905	2.261.806

4. Ávöxtun

	Síðustu 3 mánuði	Síðustu 6 mánuði	Síðustu 12 mánuði	Árið 2023
Nafnávöxtun	1,59%	-	-	-
Raunávöxtun	(0,33%)	-	-	-

5. Hrein eign og gengi

Bókfært verðmæti og gengi hlutdeildarskírteina hefur þróast sem hér segir:

	30.06.2024	31.12.2023
Bókfært verðmæti hlutdeildarskírteina.....	1.887.992	-
Gengi hlutdeildarskírteina.....	104,5956	-

6. Eignir í samanburði við fjárfestingastefnu

Yfirlit um hlutfallslega skiptingu eigna einstakra sjóða og fjárfestingarstefnu.

	Eign 30.06.2024	Eign 31.12.2023	Breyting	Fjárfestingarstefna Lágmark	Fjárfestingarstefna Hámark
A/F Vaxtabréf					
Ríkistryggð skuldabréf.....	25,1%			25%	100%
Sértryggð skuldabréf banka.....	39,7%			0%	50%
Peningamarkaðsgerningar og innlán *.....	4,6%				
Skuldabréf sveitarfélaga og Lánasj.sveitarfélaga.....	5,6%			0%	30%
Önnur skuldabréf fjármálafyrirtækja.....	15,8%			0%	30%
Skuldabréf og víxlar fyrirtækja.....	9,3%			0%	20%

* Hlutfall að teknu tilliti til óuppgerðra verðbréfavíðskipta í lok tímabilsins.

Sundurliðanir

A/F Vaxtabréf hs.

7. Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir tegundum eigna:

	Hlutdeildar-			Samtals
	Skuldabréf	skirteini	Hlutabréf	
Framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgern- ingar skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði	95,4%	0%	0%	95,4%
Innlán.....	6,9%	0%	0%	6,9%
Aðrar eignir og skuldir *	(2,3%)			(2,3%)
Samtals.....	100,0%	0,0%	0,0%	100,0%

* Aðrar skuldir eru vegna óuppgerðra verðbréfaviðskipta í lok tímabilsins.

Skýringar

8. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur sérhæfðra sjóða A/F Rekstraraðila hf. er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og reglur nr. 124/2020 um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Hann byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsverði.

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum. Sjóðirnir eru starfræktir af A/F Rekstraraðila og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Árshlutareikningur sjóðsins er ekki hluti af árshlutareikningi rekstraraðilans vegna eðlis starfseminnar.

Gerð árshlutareiknings krefst þess að stjórnendur taki í samræmi við lög um ársreikninga ákvarðanir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við matið og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum þeim þáttum sem taldir eru viðeigandi um mat þessara liða, sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar samkvæmt þessu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

9. Skattamál

Verðbréfasjóðir og sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður eða tap af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteina. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af hlutdeildarskírteinum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðurinn er undanþeginn fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

10. Reikningsskilaaðferðir

a. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til.

b. Fjárfestingar

Bókfært virði

Skuldabréf sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eru færð á markaðsverði í lok tímabilsins. Óskráð skuldabréf eru metin með hliðsjón af þeirri ávöxtunarkröfu sem þau eru keypt á eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra. Við mat á þessum eignum er reiknuð niðurfærsla sem tekur mið af almennri áhættu sem tengist starfseminni.

Gengismunur vegna breytinga á matsverði verðbréfa er færður í rekstrarreikning.

Innleystur og óinnleystur hagnaður (tap) vegna breytinga á matsverði af fjárfestingum er færður í rekstrarreikning.

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við neysliverðsvísitölu sem tók gildi í byrjun júlí 2023. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

c. Innlán

Innlán hjá fjármálafyrirtækjum samanstanda af inneignum á bankareikningum og öðrum innlánnum með samningsbundna vexti ásamt reiknuðum áföllnum vöxtum í lok tímabilsins

11. Umsýslupóknun og aðrar þóknanir

Sjóðurinn greiðir A/F Rekstraraðila hf. mánaðarlega umsýslupóknun fyrir eignastýringu og aðrar þóknanir fyrir bókhald, gengisútreikning, vörslu, enduskoðun og fleira sbr. reglur sjóðsins. Þóknanir reiknast sem árlegt fast hlutfall af hreinni eign og eru sem hér greinir.

	Umsýslu- þóknun	Aðrar þóknanir	Samtals
A/F Vaxtabréf hs.....	0,75%	0,40%	1,15%

Skýringar

12. Aðrar eignir og skuldir

Aðrar eignir og skuldir eru vegna úppgerðra verðbréfiðskipta í lok tímabilsins.

13. Skammtímalán

Samkvæmt 95. gr. laga nr. 45/2020 um sérhæfða sjóði er sérhæfðum sjóðum heimilt að taka lán til skamms tíma. Slík lán mega ekki nema meira en 25% af eignum sjóðsins. Engin lán eru til staðar í sjóðnum.

14. Upplýsingar um starfsemi sjóðanna

A/F Rekstraraðili hf. rekur samtals þrjá sjóði. Einn sérhæfðan sjóð fyrir almenna fjárfesta og tvo sérhæfða sjóði fyrir fagfjárfesta.

15. Laun

Upplýsingar um laun er að finna í skýringu í A-hluta árshlutareiknings A/F Rekstraraðila hf.